

Eftirfarandi brot, auk þess, sem ræðir um í 12. gr., varða missi skaðabótaréttar: 104
30. okt.

1. Ef váttryggjandi brýtur ákvæði 6. gr. um bólusetningu á hrútum eða geldingu á stóðhestum.
2. Ef váttryggjandi vanrækir að leita lækninga við doða samkvæmt 11. gr.
3. Ef váttryggjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar vanrækir að tilkynna virðingarmanni eða sjóðsstjórn áorðin vanhöld svo fljótt sem við verður komið og með þarf til þess að hægt sé að framkvæma rétt mat á vanhöldunum, eða að öðru leyti brýtur reglur þær héraðlútandi, sem sjóðsstjórnin setur samkv. 13. gr.

Önnur brot, svo sem ef váttryggjandi vanrækir að halda fyrirskipaðar fóður- og afurðaskýrslur, eða verður uppvis að því að hafa gefið rangar eða villandi skýrslur, varða sektum, 5—200 kr., sem renna í váttryggingarsjóð þann, sem brotið er við.

23. gr.

Með mál gegn brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-
reglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði.

Í stað orðanna „kl. 2 síðdegis“ í fyrri málsgrein 5. gr. komi: kl. 12 á hádegis. Í stað orðanna „til 2. dags janúarmánaðar“ í síðari málsgreininni komi: fram yfir þrettánda.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 74, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.